

Nefndarsvið Alþingis
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. júní 2009

Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur, 2. mál.

Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins hafa borist til umsagnar ofangreint frumvarp. Samtökin þakka fyrir að fá tækifæri til að gera athugasemdir við frumvarpið og skila hér sameiginlegri umsögn.

Eldri lög nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur eru orðin 13 ára gömul og full ástæða er til að endurskoða lögin með tilliti til nýrrar tilskipunar. Hér er þó bent á að á nokkrum stöðum í frumvarpinu er gengið lengra en tilskipunin gefur tilefni til. Ýmist eru ákvæði hert frá fyrri löggjöf sem gilt hefur hérlendis eða þá að breytingar sem gerðar eru í nýrri tilskipun, sem hér er verið að innleiða, eru ekki teknar inní frumvarpið.

Vakin er athygli á því að með þessu frumvarpi er verið að innleiða umfangsmikla, kostnaðarsama og flókna tilskipun sem komin er til ára sinna og hefur hingað til fyrst og fremst nýst sem tæknileg viðskiptahindrun í viðskiptum milli þjóða. Það er krafa samtakanna að ekki verði gengið lengra í þessum lögum sem byggja á tilskipun 2001/18/EC en skyldur Íslands við EES samninginn gera ráð fyrir og að jafnræðis sé gætt.

Á þeim 8 árum sem liðin eru frá því að tilskipun 2001/18/EB tók gildi í Evrópu, hefur ræktun erfðabreyttra nytjajurta aukist mun meira utan Evrópu, en innan. Framfarir á þessu sviði hafa orðið miklar utan Evrópu þar sem tortryggni, sem rekja má til alls óskyldra hörmunga sem snert hafa matvælaframleiðslu álfunnar s.s. díoxín-mengun, kúariðu, gin- og klaufaveiki, hefur heft framþróun greinarinnar.

Ræktun erfðabreyttra nytjajurta fer nú fram á yfir 100 milljón hektörum víðsvegar um heiminn. Ræktunin er stunduð af yfir 9 milljón bændum. Hagnýting þessarar tækni hefur minnkað losun gróðurhúsalofttegunda í stórum stíl, hefur dregið úr notkun eldsneytis við ræktun og minnkað notkun hvers kyns eiturefna í landbúnaði og í kjölfarið bætt heilsufar landbúnaðarverkfólks og afkomu smábænda¹.

Viðhorf ráðamanna fjölmargra ríkja ESB sem höfðu varann á um aldamótin hafa verið að breytast síðustu misserin í ljósi þessarar reynslu af ræktun í öðrum löndum, versnandi samkeppnisstöðu Evrópu og uggvænlegra horfa í loftslagsmálum.

¹ Science (2005)308:688) og Nature Biotechnology (2004) 4:279.

Engin neikvæð áhrif á heilsu manna eða umhverfið hafa komið fram hingað til þrátt fyrir umfangsmikla ræktun og neyslu víðs vegar um heim². Verður löggjöfin því að teljast íþyngjandi fyrir þróun og hagnýtingu plöntuerfðatækni í landbúnaði, iðnaði og heilbrigðisgeira. Þetta skiptir máli þar sem íslenskt samfélag og íslenskur iðnaður hefur sérstakra hagsmuna að gæta og stendur einna fremst í Evrópu á sviði sjálfbærrar framleiðslu verðmætra afurða með plöntuerfðatækni sem nýtast m.a. til krabbameinsrannsókna og smitsjúkdómarannsókna um heim allan.

Eftirfarandi eru athugasemdir sem gerðar eru við einstaka greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Markmið laganna, eins og það kemur fram í frumvarpinu, er ekki að finna í texta tilskipunarinnar eða inngangi hennar. Orðalagið „*skaðleg og óæskileg áhrif*“ er ekki að finna í tilskipun enda mun strangara en tilskipunin gefur tilefni til. Bent er á að í inngangi er t.d. notað orðalagið „*controlling risks*“ eða stýra áhættu. Lagt er til að markmið laganna verð færert til samræmis við texta tilskipunarinnar. Tilskipunin nær ekki til dýra og því er lagt er til að svo verði einnig hér.

Um 2. gr.

Gerð er athugasemd við orðalag um markmið laganna. Orðalagið er að mestu óbreytt frá fyrri lögum en sambærilegar greinar í tilskipun hafa hins vegar breyst talsvert í nýrri útgáfu, sem hér er verið að taka upp. Í 1. gr. frumvarpsins segir „... *Jafnframt taka lögin til [.....] annarrar afhendingar erfðabreyttra lífvera, svo og til vöru sem inniheldur þær að einhverju leyti.*“ Þetta orðalag er mun víðara en það orðalag sem er notað í tilskipuninni. Til þess að gildissvið laganna sé í samræmi við tilskipunina er lagt er til að notað verði orðalagið „...*erfðabreyttra lífvera sem vöru eða hluta af vöru...*“. Merkingin er afar ólík eftir því hvort orðalagið er notað. Tilskipunin gildir um lífverur eingöngu en ekki vörur unnar úr lífverum, eins og skilja má frumvarpið. Aðrar reglur gilda um vörur framleiddar úr erfðabreyttum lífverum. Þetta tiltekna orðalag eða sambærilegt orðalag er endurtekið nokkrum sinnum í frumvarpinu, t.d. í 3. gr., 7. gr. og 13. gr. og á nokkrum stöðum í lögum nr. 18/1996. Lagt er til að því verði alls staðar breytt en mikilvægt er að svo verði gert til að gildissvið laganna verði ekki misskilið. Einnig er hætta á árekstrum við aðrar tilskipanir Evrópusambandsins sé samræmis ekki gætt.

Í b-lið greinarinnar er lagt til að 4. mgr. 2. gr. verði felld á brott. Þar er kveðið á um að við framkvæmd laganna skuli höfð í huga sérstaða landsins á norðurslóð. Lagt er til að greinin standi því staðsetning og náttúrufar skiptir máli í þessu sambandi og rétt að taka tillit til sérstöðu hérlendis.

Athygli vekur að setningin „*Enn fremur taka lögin til flutnings á erfðabreyttum lífverum og vöru sem inniheldur þær á landi, sjó og í lofti*“ en sambærilegt orðalag er í tilskipuninni er í undanþáguákvæði. Lagt er til að undanþágur frá gildissviði sem koma fram í 3. grein tilskipunar komi einnig fram í lögunum og setningin orðist svo „*Lögin taka ekki til flutnings á erfðabreyttum lífverum og vöru sem inniheldur þær á landi, sjó og í lofti*“. Ennfremur er lagt til að undanþágu ákvæði tilskipunar, sem vísar til viðauka A, verði sett í lög en þau er ekki að finna í frumvarpinu.

Um 3. gr.

² Samkvæmt sérstökum úttektum Alþjóðamatvælastofnunar SP (FAO 2004) og Alþjóða heilbrigðismálastofnunar SP (WHO 2005)

Í orðskýringu er skilgreining á „*sleppingu og dreifingu*“ Orðið *dreifing* er nær ekkert notað í lögnum og bætir engu við þau. Því er lagt til að orðið *dreifing* falli á brott í frumvarpstextanum.

Um 7. gr. a. (8. gr.)

Samkvæmt 3. mgr. skal Umhverfisstofnun kynni almenningi útdrætti og/eða matsskýrslu úr umsóknum sem lagðar eru fram annars staðar á evrópska efnahagssvæðinu. Samkvæmt 24. gr. tilskipunarinnar er það framkvæmdastjórn ESB, og hér á landi ESA, sem gera almenningi gögnin aðgengileg og tilkynna svo viðkomandi yfirvaldi, í því landi sem umsóknin er lögð fram, um athugasemdir. Lagt er til að greininni verði breytt til samræmis við tilskipun.

Lagt er til að orðalagið „*make available to the public*“ í tilskipun verði þýtt „*gera almenningi aðgengilegt*“ en ekki „*þegar í stað kynna almenningi*“.


Um 12. gr.

Lagt er til að lokamálsliður falli á brott, „*p.m.t. mat á umhverfisáhættu sem umsækjenda er skylt að framkvæma.*“ Í 10. gr. frumvarpsins kemur fram að þetta er hluti af þeim gögnum sem umsóknaraðila ber að leggja fram og því óþarft að tiltaka það sérstaklega hér.

Samkvæmt 6. gr. laganna skal skipa ráðgjafanefnd um erfðabreyttar lífverur. Hefð hefur verið fyrir því að skipa óháða sérfræðinga sem starfa við stofnanir og háskóla í nefndina. Umsagnaraðilar vilja vekja athygli á að nú hefur verið skipaður í nefndina starfsmaður fyrirtækis, sem hefur hagsmuni, er geta stangast á við hagsmuni þeirra sem leita með mál til nefndarinnar. Nefndir af þessu tagi geta verið tvenns konar; skipaðar sérfræðingum sem er ætlað að vinna óháð hagsmunum eða skipaðar hagsmunaaðilum og er þess þá gætt að sem flestir hagsmunaaðilar eigi rödd í hópnum. Óheppilegt er að blanda þessu saman þannig að einn hagsmunaaðili fái aðgang að nefndum sem aðrir komast ekki að. Umsagnaraðilar telja æskilegt að í ráðgjafanefnd af þessu tagi sé hlutleysis gætt. Ekki er talin þörf á lagabreytingu vegna þessa en skerpa þarf á stjórnslunni.



Pétur Reimarsson
Samtök atvinnulífsins



Bryndís Skúladóttir
Samtök iðnaðarins